



34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna

30.-31. október 2025

Ályktun varðandi öryggi starfsfólks

Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna skorar á stjórnvöld að innleiða án tafar í íslensk lög 190. samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá árinu 2019. Samþykkt ILO - Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, C-190, er fyrsti alþjóðlegi sáttmálinn sem tekur á ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði og í atvinnulífinu, sem snýr að þriðja aðila, eins og til dæmis viðskiptavina verslana. Hún var samþykkt á 100 ára afmælisþingi ILO í júní 2019 og tók gildi 25. júní sama ár.

Þing LÍV leggur á það áherslu að engin á að þurfa að hafa áhyggjur af því að bera skaða af starfi sínu og öll eigum við rétt á því að komið sé fram við okkur af virðingu og sanngirni við vinnu okkar. Þing LÍV, stærstu heildar samtaka launafólks í verslun og þjónustu á Íslandi, skorar á stjórnvöld að bregðast nú þegar við alvarlegu ástandi varðandi öryggi starfsfólks með lögfestingu 190. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í könnun VR, stærsta stéttarfélagsins innan LÍV sem gerð var 2023 kom fram að yfir helmingur allra VR félaga hefur orðið fyrir áreitni eða ofbeldi í starfi á ferlinum, eða 54%. Hlutfallið er hærra hjá erlendu félagsfólki eða 60% og hæst meðal kvenna á aldrinum 25 til 34 ára, eða 67%. Þessi niðurstaða var sláandi og bendir til þess að áreitni og ofbeldi í starfi sé útbreitt og alvarlegt vandamál á Íslandi.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) skilgreinir áreitni eða ofbeldi sem hvers kyns hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að valda sálrænum, líkamlegum, fjárhagslegum eða kynferðislegum skaða. Áreitni eða ofbeldi í starfi getur átt sér stað á vinnustað, í vinnuferðum eða starfstengdum viðburðum, í gegnum fjarskiptatækni vegna vinnu, eða á leið í og úr vinnu. Samkvæmt skilgreiningu ILO nær áreitni og ofbeldi í starfi yfir breitt svið og getur falist í öllu frá dónalegri framkomu eða særandi orðanotkun og yfir í alvarlegt líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Svo alvarlegt er ástandið orðið að Landssamband íslenskra verzlunarmanna, VR og Samtök verslunar og þjónustu, sem eru samtök atvinnurekanda, hafa tekið höndum saman um að grípa til aðgerða.

Þing LÍV skorar á stjórnvöld að huga nú þegar að endurbótum á núgildandi lagaumhverfi og tryggja öryggi starfsfólks í verslun og þjónustu m.a. með innleiðingu á 190. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.